



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið

b.t. Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík, 31. október 2023

Efni: Ítrekun erindis

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 8. september sl., varðandi fyrirhugaða sameiningu skólanna MA og VMA. Með erindinu óskaði umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvort og þá hvernig mennta- og barnamálaráðuneytið hafi lagt mat á bestu hagsmuni barna við ákvörðunartöku um sameiningu skólanna, hvort nemendur hafi fengið tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hvort og þá með hvaða hætti samráð hefði verið haft við nemendur skólanna.

Umboðsmaður barna ítrekaði erindið þann 27. september sl. Þrátt fyrir það hefur enn ekki borist svar frá ráðuneytinu og ítrekar embættið því erindið hér með í annað sinn.

Óskar umboðsmaður barna þess vinsamlegast að ráðuneytið veiti embættinu þær upplýsingar sem óskað er eftir í bréfinu eins fljótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna